

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð langveikra barna.

1. gr.

Umhyggja, félag langveikra barna, hefur stofnað sjóð sem heitir Styrktarsjóður langveikra barna.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var gjöf Haraldar Böðvarssonar hf. að upphæð 1.000.000 kr.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins telst vera stofn, sbr. 2. gr. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir og arður af eignum hans.
- b) Gjafir og áheiti sem honum kunna að berast.
- c) Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni hans.
- d) Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjölskyldur langveikra barna með fjárframlagi, þegar fjárhags-erfiðleika má rekja til veikinda viðkomandi barns. Heimilt er að veita útfararstyrki vegna andláts langveikra barna. Fjölskyldur, sem ekki hafa aðgang að öðrum styrktarsjóðum foreldrafélaga langveikra barna, skulu njóta forgangs að styrkjum úr sjóðnum.

Einnig er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til verkefna sem unnin eru í þágu langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú einstaklingar og tveir til vara. Stjórn Umhyggju tilnefnir einstaklinga í stjórn sjóðsins.

Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn. Enginn skal sitja í stjórn sjóðsins lengur en sex ár í senn.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Gjaldkeri skal hafa á hendi vörslu sjóðsins.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra í launað starf við að sinna daglegri starfsemi sjóðsins í samræmi við starfslýsingu sem stjórnin setur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal í samráði við stjórn Umhyggju, tilnefna þrjú einstaklinga í úthlutunarnefnd til að annast styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt umsókn. Stjórn sjóðsins, í samráði við stjórn Umhyggju, skal setja úthlutunarnefndinni starfsreglur, þ.m.t. um hámarksfjárhæð styrks og heildarfjárhæð styrkja til hvers einstaklings.

Stjórn skal velja í úthlutunarnefnd einstaklinga sem hafa sérþekkingu á málefnum langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Um vanhæfi nefndarmanna vegna umfjöllunar einstakra umsókna gilda almennar reglur. Úthlutunarnefnd skal halda sérstaka gerðarbók um ákvarðanir sínar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðinn er af stjórn Umhyggju.

9. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt, né Styrktarsjóður langveikra barna lagður niður, nema með einróma samþykki sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans ráðstafað af stjórn Umhyggju, í þágu hagsmuna langveikra barna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari. Þessi skrá kemur í stað eldri skipulagsskrár fyrir Styrktarsjóð Umhyggju frá 25. mars 1999, sem og breytingar á skipulagsskránni frá 7. mars 2013. Við staðfestingu sýslumanns fellur hin eldri úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1998.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 26. júní 2015,

Björn Hrafnkelsson fulltrúi.

Auður Steingrimsdóttir.